

FUNDARGERÐ

33. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 6. september árið 2010. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Kristján Snæbjörnsson, Lárus Björnsson, Sigurður Ólafsson, Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **201009007 – Erindi frá Benedikt Kristjánssyni, Hólmavaði, Þingeyjarsveit**

Benedikt Kristjánsson sækir um byggingarleyfi fyrir geymslu að Hólmavaði. Húsið er viðbygging við hlöðu, 30 m² stálbogahús á steiptum grunni. Teikningar eru unnar af Arnhildi Pálmadóttur arkitekt.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. **201008085 – Erindi frá Ingólfi Víði Ingólfssyni, Úlfbæ, Þingeyjarsveit**

Ingólfur Víðir Ingólfsson og Hulda Elín Skarphéðinsdóttir sækja um leyfi til að rífa fjárhúshlöðu og súrheysturn og byggja bogaskemmu í stað þeirra. Húsið verður tvískipt annars vegar fjárhús og hins vegar vélageymsla stærð 315 m². Teikningar eru unnar af Hýsi-Merkúr.

Byggingarnefnd samþykkir niðurrif á fjárhúshlöðu og súrheysturni. Byggingarnefnd samþykkir erindi um byggingarleyfi með fyrirvara um að milliveggur uppfylli skilyrði 116. gr. byggingarreglugerðar, REI-M120.

3. **201008080 – Erindi frá Berki Emilssyni, Stóragarði 13, Húsavík**

Börkur Emilsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 4 að Sílalæk, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á einni hæð 109,1 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Svavari M. Sigurjónssyni hjá Verkfræðipjónustunni ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið enda er það í samræmi við deiliskipulag.

4. **201008071 - Erindi frá Ævari Pálssyni, Rimasíðu 13, Akureyri**

Ævar Pálsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 1 að Arnstapa, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum kjallara samtals 157,5 m². Teikningar eru unnar af Björgvini Víglundssyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. **201008050 – Erindi frá Sveinbirni Guðmundssyni, Löngumýri 15, Akureyri**

Sveinbjörn Guðmundsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Fagranes lóð 218743, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús 30,3 m² að stærð. Teikning er unnin af Ágústi Hafsteinssyni arkitekt á Form. Húsið hefur verið á stöðuleyfi síðan 2005 sem nú er útrunnið. Nefndin hafnaði þessari staðsetningu 26.8.2009 með eftirfarandi bókun: *Samkvæmt afstöðumynd er húsið staðsett nær vatnsbakka en 50 m, sem gert var ráð fyrir við samþykki stöðuleyfis. Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að ekki verði samþykkt varanlegt leyfi fyrir húsinu á þessum stað: Tilvitnun lýkur.*

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að veita stöðuleyfi fyrir húsinu í eitt ár til viðbótar.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. **201008017 – Erindi frá Jóni Steingrímssyni, Kjalarlandi 14, Reykjavík**
Jón Steingrímsson sækir um leyfi til að gera innkeyrsludyr á hlöðu að Laugafelli, Þingeyjarsveit.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
7. **201008012 - Erindi frá Geir Guðmundssyni og Heiðbjörtu Eiríksdóttur, Holtateigi 30, Akurevri**
Geir Guðmundsson og Heiðbjört Eiríksdóttir sækja um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 7 að Arnstapa, Þingeyjarsveit, eftir breyttum teikningum Húsið er bjálkahús 26,2 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Sveini Valdimarssyni hjá Mannviti. Byggingarleyfi fyrir stærra hús á þessa lóð var samþykkt á fundi nefndarinnar 13.12.2007 og framlengt 19.1.2010.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
8. **201008006 – Erindi frá Hrafnhildi Björnsdóttur, Vættagili 24, Akurevri**
Hrafnhildur Björnsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir bílgeymslu við frístundahúsið að Höfðabyggð E-24. Bílgeymslan er 49 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda sé húsið í samræmi við byggingarreglugerð.
9. **201007033 – Erindi frá Vésteini Vésteinssyni f.h. Landsvirkjunar hf.**
Vésteinn Vésteinsson f.h. Landsvirkjunar hf. sækir um leyfi til að reisa bráðabirgðarskýli framan við inntaksgöng Laxár 3. Skýlið er stálbogahús á steiptum grunni.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að veitt verði stöðuleyfi til tveggja ára.
10. **201007048 – Erindi frá Eldá ehf. Helluhrauni 15, Skútustaðahreppi**
Eldá ehf. sækir um leyfi til að setja niður 7,2 m² garðhús á lóðinni Reykjahlíð / Kringla 207074.
Byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið.
11. **201009008– Erindi frá Kristjáni Einarssyni f.h. Landvirkjunar hf.**
Landsvirkjun, umsókn um byggingarleyfi fyrir borvatnsveitudæluhús við Kröflustöð. Húsið er 77,5 m², samsett úr tveimur húsum sem stóðu áður við Kárahnjúka.
Byggingarnefnd telur að fyrirhuguð bygging sé í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið.
12. **201009010– Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni, Austurhlíð, Skútustaðahreppi**
Pétur Snæbjörnsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Birkilandi 14, Skútustaðahreppi. Húsið er timburhús á steiptum kjallara 144 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Haraldi S. Árnasyni á H.S.Á. teiknistofu. Jafnframt er óskað eftir byggingarleyfi fyrir 20 m² gestahús á lóðinni.
Umætt hús er stærra en deiliskipulag heimilar, en það er 120 m². Meðfylgjandi umsókn er samþykki landeiganda og lóðarhafa Birkilands 10 fyrir fráviki frá ddeiliskipulagi. Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að erindið verði samþykkt.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15³⁰.

Eiður Árnason
Kristján Snæbjörnsson
Lárus Björnsson
Sigurður Ólafsson
Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.